

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1105 Arnarlax hf. - Arnarfjörður	Strandgötu 1 465 Bíldudalur	Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri Rolf Ørjan Nordli Yfirmaður sjódeildar			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	11.11.2019	15.11.2019	13,50	0,00	1,50

Skoðuð voru og tekin afstaða til 21 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

13.12.2019

Alvarleg frávik	Frávik
2.1.1 Rekstrarleyfi	3.1.7 Framkvæmd flutnings
	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaldisstöðva
	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaldisstöðva

#### Aðrar athugasemdir

Reglubundið eftirlit með rekstrarleyfi Arnarlax í Arnarfirði fór fram 11.-12. nóvember.

Ásamt því að skoða gæðakerfi og skráningar rekstrarleyfishafa var farið út á sjó á eldissvæðin Tjaldanes og Hringisdal.

Huga þarf betur að viðgerðum á fuglanetum, aðallega í Hringisdal, en þar var töluvert um stór göt á fuglanetum.

Flutningur á notuðum eldisbúnaði á milli eldissvæða er óheimill nema að samþykki Matvælastofnunar liggja fyrir.

Í nóvember 2018 var heildarlífmassi eldisins orðinn meiri en 10.000 tonn og var hann yfir 10.000 tonnum þar til í lok desember 2018. Matvælastofnun gerir alvarlega athugasemd við þetta brot á rekstrarleyfi Arnarlax, en ábyrðaraðilar fyrirtækisins höfðu engar skýringar á hvers vegna þetta brot á rekstrarleyfi átti sér stað.

Ef rekstrarleyfishafi gerist aftur sekur um brot á tilgreindum hámarkslífmassa í rekstrarleyfi þá mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afurköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.

Frestur til úrbóta vegna fráviks 4.1.1, 5.1.5 og 5.1.6 er veittur til 13. desember nk.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

## Starfsstöð

Arnarlax hf. - Arnarfjörður  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5803100600

## Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

## Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Arnarlax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Rolf (Yfirmaður sjódeildar)

2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 11.11.2019

Alvarlegt frávik

---

Hámarkslífmassi á eldissvæði Arnarlax í Arnarfirði fór yfir 10.000 tonn í nóvember - desember 2018 skv. framleiðsluskýrslu.

Ef rekstrarleyfishafi gerist aftur sekur um brot á tilgreindum hámarkslífmassa í rekstrarleyfi (10.000 tonn) þá mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afurköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.7 Framkvæmd flutnings

Sett inn: 11.11.2019

Frávik

---

Notaður eldisbúnaður hefur verið fluttur á milli eldissvæða án þess að samþykki Matvælastofnunar liggja fyrir. Ekki liggur fyrir umfang flutnings á notuðum búnaði og upplýsingum þess efnis var ekki framvísað við skoðun.

Skv. 40. gr. í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi þarf allur flutningur á notuðum búnaði milli eldissvæða að hafa hlotið samþykki Matvælastofnunar.

3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun

Sett inn: 11.11.2019

Í lagi

---

Einungis nýir nótarpokar í notkun á eldissvæðum Arnarlax.

Rekstrarleyfishafi skal við eftirlit og viðgerðir á netpokum einungis skipta við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009. Faggild skoðunarstofa skal votta að viðgerðaraðili uppfylli skilyrði þar um. Vottun Ísfells, þjónustuverkstæði nótarpoka hjá Arnarlax, rann út í ársbyrjun 2019. **Ef Arnarlax áætla að skipta áfram við verkstæðið þarf gild vottun að liggja fyrir.**

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 11.11.2019

Frávik

---

Sannprófun hefur ekki verið framkvæmd samkvæmt verklagi.

Sannprófa skal gæðakerfið a.m.k. árlega, og alltaf eftir slysasleppingar. Sannprófun skal vera framkvæmd eftir ákveðnu verklagi sem lýst er nánar í viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi.

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 11.11.2019

Frávik

---

1. Árlegur fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar er ekki haldinn.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skal árlega halda fund með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þáttöku starfsmanna skal skrá í þjálfunarskrá.

2. Kominn tími til að uppfæra eldissvæði og staðsetningar í gæðahandbók en þar eru mörg eldissvæði tilgreind sem eru ekki leyfileg eldissvæði skv. rekstrarleyfi.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skulu heiti starfsstöðva og hnit koma fram í gæðahandbók. Einnig skal vera til staðar kort sem sýnir staðsetningu sjókvíaeldisstöðva.

### 5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Í lagi

Sett inn: 11.11.2019

Huga þarf betur að þjálfunarskrá starfsmanna. Þegar eftirlitið fór fram var töluvert um að þjálfun væri ekki skráð inn í þjálfunarskrá þrátt fyrir að þjálfun hafi raunverulega farið fram skv. fundargerðum. Einnig er ítrekað að starfsmenn þurfa að staðfesta sjálfir fyrir fenginni þjálfun.

### Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla	2.1.3 Stöðvaskírteini sjókvíaeldisstöðva	3.1.1 Bátar og flutningstæki
3.1.2 Velferð fiska	3.1.3 Eldisbúnaður	3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun
3.1.5 Eldissvæði	3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga
3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga	3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví	4.1.1 Dagbókarfærslur
4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu	5.1.1 Þjálfun starfsfólks	5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva
5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva	5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva	

Rúnar Ingi Tryggvason  
runar.tryggvason@mast.is  
sérfraeðingur  
5304800

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.